

131. löggjafarþing 2004–2005.
Þskj. 1030 — 677. mál.

Athugasemdir skráðar inn af Íslandsmarkaði: Jafnframt er yfirsrikaður sá texti sem ÍSM telur óþarfan.

Bjarni Áskelsson

Frumvarp til laga

um uppboðsmarkaði sjávarafla.

um fiskmarkaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Lög þessi taka til starfsemi uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla.

Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Við veitingu leyfa skal ráðherra m.a. meta hvort skilyrði séu til frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða.

Svipta má aðila leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fullnægi hann ekki skilyrðum settum í lögum þessum eða reglugerð um starfsemi uppboðsmarkaða, sbr. 5. gr.

1.gr.

Lög þessi taka til starfsemi fiskmarkaða.

Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs fiskmarkaðar. Við veitingu leyfa skal ráðherra m.a. meta hvort skilyrði séu til frjálsrar verðmyndunar að teknu tilliti til uppboðsaðferða og starfssemi annara fiskmarkaða.

Svipta má aðila leyfi til reksturs fiskmarkaðar fullnægi hann ekki skilyrðum settum í lögum þessum eða reglugerð um starfssemi uppboðsmarkaða, sbr.5.gr.

2. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Leyfishafi:* Sá sem fengið hefur leyfi ráðherra samkvæmt lögum þessum til að starfrækja uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

2. ~~Uppboðsmarkaður~~: Markaður þar sem sjávarafli er seldur á frjálsum uppboði og aðilar hafa tækifæri til að kynna sér ástand aflans á uppboðsstað.

—3. ~~Uppboðsstaður~~: Staður þar sem aðilar geta kynnt sér afla sem seldur verður á uppboði.

—4. ~~Uppboðsstjóri~~: Sá aðili sem leyfishafi hefur falið að annast framkvæmd uppboðs og hlotið hefur löggildingu ráðherra til þeirra starfa.

2.gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. **Leyfishafi**: Sá sem hefur fengið leyfi ráðherra samkvæmt lögum þessum til að starfrækja fiskmarkað með sjávarafli, eldistegundir bæði úr ferskvatns og sjávareldi, vatnafisk og afurðir úr framantöldu.

2. **Fiskmarkaður**: Markaður þar sem sjávarafli, eldistegundir bæði úr ferskvatns og sjávareldi, vatnafisk og afurðir úr framantöldu eru seldar með aðferð viðurkenndri af sjávarútvegsráðuneytinu. Fiskmarkaði er jafnframt heimilt að veita aðra þá þjónustu sem tengist sölu.

3. **Uppboð**: Framkvæmd þar sem boðið er upp það sem er til sölu á fiskmarkaði. Uppboð skal vera öllum kaupendum jafn aðgengilegt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Leyfishafi hefur heimild til að fela öðrum framkvæmd uppboðs enda hafi sá aðili heimild ráðuneytis til starfssemi sinnar.

3. gr.

Leyfi til reksturs ~~uppboðsmarkaðar~~ **fiskmarkaðar** má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Erlendur ríkisborgari sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

b. Eru fjárráða.

c. Hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum sem eiga heimili hér á landi leyfi til reksturs, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórn lögaðila skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut i skal auk þess fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

4. gr.

Um húsnæði og búnað ~~uppboðsmarkaðar~~ **fiskmarkaðar** og meðferð afls gilda lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, og reglur settar á grundvelli þeirra laga eftir því sem við á.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð frekari reglur um starfssemi ~~uppboðsmarkaða~~, m.a. um gagnsæi viðskipta, birtingu uppboðsskilmála og um uppboðslýsingar. ~~Ráðherra er jafnframt heimilt í reglugerð að setja reglur um sölu afls sem ekki er kominn á uppboðsstað.~~

5.gr.

**Ráðherra setur í reglugerð frekari reglur um starfssemi fiskmarkaða m.a. um gagnsæi viðskipta, birtingu uppboðsskilmála, uppboðsaðferðir og um uppboðslýsingar.
Ráðherra setur jafnframt í reglugerð reglur um starfssemi reiknistofu sem annast uppboðs og uppgjörsmál fyrir hönd fiskmarkaða.**

6. gr.

Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumíðlun innan sjávarútvegsins.

Leyfishafi skal krefjast greiðslutrygginga af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frádregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

Leyfishafa er heimilt að fela öðrum þann hluta starfssemi sinnar sem fram kemur í 6.gr. enda hafi sá aðili heimild ráðuneytis til starfssemi sinnar.

7. gr.

Um sjávarafla, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

8. gr.

Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs, uppboðsstjóra, og skal hann hafa löggildingu til starfans.

~~Sjávarútvegsráðherra veitir löggildingu.~~

~~Uppboðsstjórar~~ mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

8.gr.

Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmanns sem sér um framkvæmd uppboðs, uppboðshaldara.

Uppboðshaldari má hvorki gera boð á uppboði í eigin þágu né láta aðra gera það fyrir sína hönd. Annist annar aðili framkvæmd uppboðs skv.2.gr.3. fellur skylda leyfishafa um að hafa uppboðshaldara niður.

9. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 123 28. desember 1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

Athugasemdir við frumvarp um uppboðsmarkaði.

Nafnið uppboðsmarkaður er sjaldan notað innan greinarinnar hvorki í mæltu né rituðu máli. Fiskmarkaður er það nafn sem hefur fest sig í sessi um þá starfssemi sem hér um ræðir. Því er lagt til að nota orðið fiskmarkaður í stað uppboðsmarkaður í frumvarpinu.

1.gr.

Þau drög sem hér eru lögð fram eiga að koma í stað bráðabirgðalaga sem voru sett við allt aðrar aðstæður en þær sem nú ríkja. Ekki verður séð hvernig hægt er að fela ráðherra að meta hvort skilyrði eru til frjálsrar verðmyndunar að teknu tilliti til utanaðkomandi áhrifa. Frjáls verðmyndun getur aldrei orðið nema markaður starfi frjáls við þær ytri aðstæður sem gilda á hverjum tíma og hverjum stað. Hinsvegar er það sjálfsgagt að ráðherra taki tillit til þess með hvaða hætti verðmyndun verður, þ.e. á hvaða hátt uppboðið (verðmyndunin) á sér stað. Ekki er óeðlilegt að ráðuneyti geti haft áhrif á það hvort starfssemi fteiri fiskmarkaða á tilteknu svæði spilli starfssemi þeirra sem fyrir eru. Um þetta tiltekna atriði þarf þó að setja einhverjar grunnreglur.

2.gr.

- 1. Leyfishafi er fiskmarkaður sem á að hafa leyfi til að selja fisk og fiskafurðir óháð uppruna.*
- 2. Það að það sem selt er þurfi að liggja frammi til skoðunar fyrir “aðila” viðskiptavinum leggur óeðlilegar hömlur á starfssemi fiskmarkaða. Uppboð á fiskmörkuðum á sér stað á internetinu, og geta kaupendur því verið víðsjarri sölustað, jafnvel í öðrum löndum. Sölu á fiskmarkaði má ekki binda við þá einu söluaðferð að bjóða upp. Til eru margar fleiri söluaðferðir en uppboð. Svo sem tilboðsmarkaður þar sem ýmist kaupendi eða seljandi óska eftir tilboði í tiltekna vöru eða fisktegund. bein sala, föst viðskipti t.d. á eldisafurðum eða fiski sem ekki henta af einhverjum ástæðum að setja inn á hefðbundinn uppboðsmarkað . Ráðuneytið þarf að kynna sér þær aðferðir sem notaðar eru eða er verið að þróa og vera tilbúið að heimila þá eða þær aðferðir sem best þjóna viðskiptavinum fiskmarkaðanna sem og greininni allri. Fiskmarkaðir þurfa að geta veitt viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem tengist sölunni.*
- 3. Uppboð er eins og áður segir haldið á internetinu, í dag af þjónustuaðila öðrum en fiskmörkuðum. Kaupendur koma fæstir inn á fiskmarkaða heldur taka þeir þátt í uppboðinu frá vinnustað eða heimili. Kaupendur treysta á þær upplýsingar sem seljendur og fiskmarkaðir gefa upp fyrir sölu. Stöðug þróun á sér stað varðandi upplýsingagjöf og til þess nýttir þeir miðlar sem best henta á hverjum tíma.*
- 4. Þessa málsgrein má fella út.*

5.gr.

Óþarft er að tilgreina í lögum að sérstaklega þurfi að setja reglur um tiltekinn hluta þess sem selt er. Nauðsynlegt er að fram komi í reglugerð þáttur reiknistofu í starfssemi fiskmarkaða.

6.gr.

Taka þarf fram að leyfishafi geti falið öðrum hluta starfssemi sinnar, í dag er t.d. einn aðila að annast uppboð fyrir alla starfandi fiskmarkaði á Íslandi.

8.gr.

Starf uppboðshaldara er gjörólíkt því sem áður var, í dag fellst stjórnun uppboðs í raun á stýringu tölvukerfis. Uppboðshaldari þarf þó að vera vel meðvitaður um það umhverfi sem fiskmarkaðarnir starfa í. Ef halda á inni ákvæði um löggildingu þurfa að fylgja því í hverju löggildingin er fólgin, og hverjar kröfur til menntunar og reynslu liggja þar að baki. Sjálfsgagt er að gera þær kröfu til uppboðshaldara að hann stundi ekki neina þá starfssemi sem hefur áhrif á starf hans sem óháðs uppboðshaldara.

Af gefnu tilefni er rétt að það komi fram að sjávarútvegsráðuneytið óskaði eftir því að fulltrúi Íslandsmarkaðar kæmi á sinn fund og færi yfir frumvarpsdrögin áður en frumvarpið var lagt fram. Haft var samband við undirritaðan seinnipart á miðvikudaginn 16. mars og óskað eftir því að hann kæmi á fund í ráðuneytinu daginn eftir. Undirritaður var ásamt Ragnari Kristjánssyni fyrrum formanni SUM og Eyjólfí Guðlaugssyni framkvæmdastjóra Íslandsmarkaðar á fundi hjá Samtökum Evrópskra fiskmarkaða (EAFPA) í Belgíu og höfðum við sem hvað mest höfum unnið að þessum málum fyrir hönd fiskmarkaðanna engin tök á að verða við þessu boði. Þessar athugasemdir hefðu vissulega mátt koma fram fyrr, en sökum þess hve skammur fyrirvari var af hendi sjávarútvegsráðuneytisins var það ekki unnt. Vonum við að það komi ekki að sök. Þessar athugasemdir eru settar fram fiskmörkuðunum til framdráttar og breyta hvergi stórkostlega þeirri hugsun sem fram kemur í frumvarpi ráðherra. Er það trú okkar að skynsemi ráði ferðinni, lög um fiskmarkaði hljóta að hafa það leiðarljósi að efla og styrkja starf þeirra en ekki setja henni óeðlilegar hömlur.

**F.h. Íslandsmarkaðar.
Bjarni Áskelsson**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um uppboðsmarkaði eru frá árinu 1989. Starfsemi fiskmarkaða hefur breyst töluvert síðan þá og hefur verið bent á þörf á endurskoðun laganna. Helstu atriði sem þörf hefur verið talin á að breyta eru gildistími rekstrarleyfa sem er nú aðeins eitt ár. Jafnframt hafa komið fram sjónarmið um að samræma þurfi starfsreglur markaða í því skyni að viðskiptaumhverfið verði skýrara fyrir kaupendur og seljendur. Af þeim sökum er hér lagt til að ráðherra setji í reglugerð nánari skilyrði um starfsemi markaða í stað þess að staðfesta starfsreglur hvers markaðar fyrir sig. Loks er lagt til að sett verði viðurlagaákvæði í lögina en slíkt ákvæði er ekki í núgildandi lögum. Aðrar breytingar sem felast í frumvarpi þessu eru óverulegar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að gildistími rekstrarleyfa sé einungis eitt ár. Upphaflega var þetta ákvæði sett inn í lög nr. 19/1987 þar sem ástæða þótti til að geta endur skoðað árlega starfsemi hvers markaðar. Fiskmarkaðir hafa nú starfað í nærfellt átján ár og töluverð reynsla fengist af þessari starfsemi. Því verður að teljast óþarft að kveða á um svo skamman gildistíma rekstrarleyfa. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir að rekstrarleyfi verði ekki tímabundin.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. núgildandi laga.

Um 4. gr.

Í lögum nr. 55/1998, um meðferð vinnslu og dreifingu sjávarafurða, er kveðið á um skyldur sem hvíla á fiskmörkuðum varðandi meðferð og vinnslu sjávarafurða. Þeir þurfa að hafa starfsleyfi frá Fiskistofu og þurfa að uppfylla kröfur um hreinlæti og búnað sem kveðið er á um í þeim lögum og reglugerðum sem byggjast á þeim. Vegna skýrleikasjónarmiða þykir rétt að í þessum lögum sé tilvísun í lög nr. 55/1998.

Um 5. gr.

Í núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að ráðherra setji sérstaka reglugerð um starfsemi fiskmarkaða heldur er kveðið á um að ráðherra staðfesti starfsreglur hvers markaðar fyrir sig. Þetta hefur leitt til þess að mjög mismunandi reglur hafa gilt á mörkuðum. Hafa komið fram óskir frá hagsmunaaðilum um að settar yrðu samræmdar starfsreglur fyrir fiskmarkaði. Þetta eykur öryggi í viðskiptum. Kaupendur og seljendur eru þannig upplýstir um það hvaða grundvallarreglur gildi um viðskiptin.

Í þessari grein er því kveðið á um reglugerðarheimild ráðherra.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar eru samhljóða 6. og 7. gr. núgildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin er lítið breytt frá 8. gr. nógildandi laga. Hér er þó kveðið á um að uppboðsstjórar megi hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd. Eðlilegt þykir að gera þessa kröfu til uppboðsstjóra og því er kveðið sérstaklega á um það hér.

Um 9. gr.

Í þessari grein er kveðið svo á um að um brot gegn lögnum fari að hætti opinberra mála auk þess sem kveðið er á um viðurlög.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að taka yfir lög nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, en markmiðið er að færa lög in í nútímalegra horf. Með frumvarpi þessu er lagt til að rekstrarleyfi uppboðsmarkaða sem eru gefin út af sjávarútvegsráðuneyti verði ótímabundin í stað þess að gilda í eitt ár í senn.

Uppboðsmarkaðir greiða nú 5.000 kr. fyrir endurnýjun leyfa og verður því sjávarútvegsráðuneytið af 100.000 kr. tekjum árlega miðað við að 20 uppboðsmarkaðir séu starfræktir vegna þess að sú gjaldtaka fellur niður.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.